

Þjóðleikhúsið
02 973

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Þjóðleikhúsið

kt. 7102692709

Lindargötu 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðleikhúsið er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli leiklistarlaga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Stofnunin iðkar leiksviðslistgreinar og leitast við að glæða áhuga landsmanna á sviðslistagreinum, efla íslenska leikritun og skal vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 1493,6 milljónir og afkoma kr. -12,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 47 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 499,2 milljónir.

Við samþykkt fjárákurlaga fyrir árið 2018 var gert ráð fyrir 25 millj.kr. vegna kjarasamninga sem greiðast skyldu úr varasjóði fjárlaga. Þar sem þessi aukning á fjárheimildum ársins 2018 var ekki afgreidd fyrir ársuppgjör hafði það áhrif á útkomu ársins 2018, en mun bæta rekstrarniðurstöðu ársins 2019 sem því nemur.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjóðleikhússins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðleikhússins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 8.10.2018

Staður, dags.

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	1.080.500.000	1.017.089.268
Seld þjónusta	4	321.635.168	261.897.677
Vörusala	5	51.446.167	46.118.969
Framlög og ýmsar tekjur	6	9.184.399	10.685.626
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	30.864.390	25.013.948
Tekjur samtals		1.493.630.124	1.360.805.488
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	1.031.213.668	893.178.138
Annar rekstrarkostnaður	8	443.649.449	402.782.429
Afskriftir	9	30.864.390	25.013.948
Gjöld samtals		1.505.727.507	1.320.974.515
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(12.097.383)	39.830.973
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		4.147	1.035
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	10	(29.312)	(74.634)
		(25.165)	(73.599)
Afkoma ársins		(12.122.548)	39.757.374
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		(10.201.676)	39.757.374
Rekstrartilfærslur		(1.920.872)	0
		(12.122.548)	39.757.374

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		206.611.454	182.649.094
Farartæki og vélar		7.941.056	2.881.246
Aðrar eignir		684.875	301.975
Verk í vinnslu		0	0
		<u>215.237.385</u>	<u>185.832.315</u>
Fastafjármunir samtals		<u>215.237.385</u>	<u>185.832.315</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		3.203.685	2.719.241
Viðskiptakröfur		70.113.485	53.947.629
Tengdir aðilar	12	57.054.335	74.002.309
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	6.546.832	6.932.000
Handbært fé	14	147.053.605	66.828.510
		<u>283.971.942</u>	<u>204.429.689</u>
Veltufjármunir samtals		<u>283.971.942</u>	<u>204.429.689</u>
Eignir samtals		<u>499.209.327</u>	<u>390.262.004</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Hrein eign		46.978.706	59.101.254
		<u>46.978.706</u>	<u>59.101.254</u>
Eigið fé samtals		<u>46.978.706</u>	<u>59.101.254</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	683.298	1.326.272
Viðskiptaskuldir		152.265.664	86.752.327
Ýmsar skammtímaskuldir	16	53.313.734	57.249.836
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	17	245.967.925	185.832.315
		<u>452.230.621</u>	<u>331.160.750</u>
Skuldir samtals		<u>452.230.621</u>	<u>331.160.750</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>499.209.327</u>	<u>390.262.004</u>
Aðrar upplýsingar	18		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(12.122.548)	39.757.374
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	30.864.390	25.013.948
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(30.864.390)	(25.013.948)
		<u>(12.122.548)</u>	<u>39.757.374</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(15.780.688)	(15.094.973)
Birgðir		(484.444)	(477.941)
Skammtímaskuldir		61.577.235	21.882.870
		<u>45.312.103</u>	<u>6.309.956</u>
		<u>33.189.555</u>	<u>46.067.330</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(60.269.460)	(60.010.732)
		<u>(60.269.460)</u>	<u>(60.010.732)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		16.305.000	(61.605.316)
Fjárfestingarframlag		91.000.000	60.010.732
		<u>107.305.000</u>	<u>(1.594.584)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		80.225.095	(15.537.986)
		<u>66.828.510</u>	<u>82.366.496</u>
		<u>147.053.605</u>	<u>66.828.510</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verðigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókuðum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.142.400.000	1.077.100.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(61.900.000)	(60.010.732)
Tekjufærsla fjárveitinga	1.080.500.000	1.017.089.268
Tekjufærsla frestaðra tekna	30.864.390	25.013.948
	1.111.364.390	1.042.103.216

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.167.300.000	0	0	1.167.300.000
Fjáraukalög	(29.100.000)	0	0	(29.100.000)
Launbætur	4.200.000	0	0	4.200.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(61.900.000)	0	0	(61.900.000)
Fjárveiting til tekna	1.080.500.000	0	0	1.080.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(1.092.622.548)	0	0	(1.092.622.548)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(12.122.548)	0	0	(12.122.548)

	2018	2017
4 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	314.150.797	255.538.515
Veitinga- og gistipjónusta	7.484.371	6.359.162
	321.635.168	261.897.677

5 Vörusala		
Vörusala I	51.416.741	46.023.276
Vörusala II	29.426	95.693
	51.446.167	46.118.969

6 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	6.997.834	1.461.095
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	390.000	7.290.505
Ýmsar tekjur	1.796.565	1.934.026
	9.184.399	10.685.626

7 Laun og launatengd gjöld		
Laun	833.096.255	727.760.138
Orlof, breyting	6.111.213	1.750.084
Launatengd gjöld	183.624.131	158.514.453
Starfsmannakostnaður	8.382.069	5.153.463
	1.031.213.668	893.178.138

Meðalfjöldi stöðugilda	96	94
------------------------------	----	----

Skýringar

	2018	2017
8 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	918.946	1.109.856
Byggingarvörur, almennar	3.607.359	610.003
Byggingarvörur, aðrar	(282.946)	34.590
Tæki og búnaður til innréttinga	258.177	0
Ýmis tæki og áhöld	1.448.318	5.970.038
Varahlutir og viðhaldsvörur	259.046	104.977
Orkugjafir	17.061.814	14.282.840
Matvæli	2.750.145	2.453.480
Almennar rekstrarvörur	8.743.992	9.339.482
Vörukaup, almenn	34.764.851	33.905.266
Ýmsar sérgreindar vörur	45.857.895	37.807.600
Vörukaup, sérgreind	45.857.895	37.807.600
Fundir, námskeið, risna	822.534	349.823
Ferðir, uppihald	4.462.884	7.255.059
Akstur	809.887	743.329
Sérfræðiþjónusta	130.768.007	119.150.659
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	3.371.755	3.170.020
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	52.636.066	45.705.297
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	8.646.422	12.022.162
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	201.517.555	188.396.349
Samningsbundin kaup og leiga	0	0
Afnotagjöld	9.821.918	8.932.360
Leigugjöld	99.264.072	86.268.953
Notkun véla og flutningatækja	1.815.376	1.933.126
Verkkaup	19.984.086	16.927.471
Áhættutap og bætur	47.980	0
Tryggingar, lögboðnar	92.359	58.247
Opinber gjöld	369.774	136.141
Tilfærslur	83.000	1.920.872
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	131.478.565	116.177.170
Vörukaup I	30.463.220	26.965.285
Vörukaup II	51.807	8.700
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	(484.444)	(477.941)
Vörur til endursölu og birgðabreyting	30.030.583	26.496.044
Annar rekstrarkostnaður samtals	443.649.449	402.782.429

Skýringar

	2018	2017
9 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	30.187.856	24.422.241
Farartæki og vélar	599.434	514.607
Aðrar eignir	77.100	77.100
	<u>30.864.390</u>	<u>25.013.948</u>

10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

Fjármagnskostnaður	29.312	72.214
Gengistap, endurmat	0	2.420
	<u>29.312</u>	<u>74.634</u>

31.12.2018 **31.12.2017**

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld og búnaður	206.611.454	182.649.094
Farartæki og vélar	7.941.056	2.881.246
Aðrar eignir	684.875	301.975
	<u>215.237.385</u>	<u>185.832.315</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018	264.254.166	5.497.660	771.000	270.522.826
Viðbætur á árinu	54.150.216	5.659.244	460.000	60.269.460
	<u>318.404.382</u>	<u>11.156.904</u>	<u>1.231.000</u>	<u>330.792.286</u>
Afskriftir 1.1.2018	81.605.072	2.616.414	469.025	84.690.511
Afskrift ársins	30.187.856	599.434	77.100	30.864.390
	<u>111.792.928</u>	<u>3.215.848</u>	<u>546.125</u>	<u>115.554.901</u>
Staða 31.12.2018	<u>206.611.454</u>	<u>7.941.056</u>	<u>684.875</u>	<u>215.237.385</u>

12 Tengdir aðilar

31.12.2018 **31.12.2017**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	15.276.968	29.056.342
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.346.200	4.514.800
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	40.431.167	40.431.167
	<u>57.054.335</u>	<u>74.002.309</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	683.298	1.326.272
	<u>683.298</u>	<u>1.326.272</u>

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	3.207.115	1.134.307
Skattar	3.339.717	5.797.693
	<u>6.546.832</u>	<u>6.932.000</u>

14 Handbært fé

Sjóðir	446.875	186.860
Tékkareikningar	146.388.905	66.431.473
Sparisjóðsreikningar	182.555	156.414
Gjaldeyrissreikningar í innlendum innlánsstofnunum	35.270	53.763
	<u>147.053.605</u>	<u>66.828.510</u>

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	59.101.254	(21.087.287)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	40.431.167
Afkoma ársins	(12.122.548)	39.757.374
Jöfnuður 31.12.	<u>46.978.706</u>	<u>59.101.254</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 40,4 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
16 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	48.292.464	42.181.251
Ógreidd laun	0	8.971.832
Önnur ógreidd gjöld	5.021.270	6.096.753
	<u>53.313.734</u>	<u>57.249.836</u>

17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	215.237.385	185.832.315
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	30.730.540	0
	<u>245.967.925</u>	<u>185.832.315</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	185.832.315	0	185.832.315
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	29.100.000	29.100.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga		61.900.000	61.900.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	60.269.460	(60.269.460)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(30.864.390)	0	(30.864.390)
	<u>215.237.385</u>	<u>30.730.540</u>	<u>245.967.925</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 33,2 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

18 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi ótímabundna samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga til næstu. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 99,0 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 1,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.